

Fimmtudaginn 6. júní 1996.

Nr. 85/1996.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Engilbert Runólfssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Ítrekun. Afturhvarf frá framburði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Málinu var skotið til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákærvalds með stefnu 23. febrúar 1996. Vísar ákærði til a-, b- og c-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Hann krefst sýknu í málinu, en til vara, að refsing verði milduð.

Ákærvaldið krefst þess, að refsing ákærða verði þyngd og að hann verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins.

I.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit skýrslutöku fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur 6. maí 1996 af X, meðákærða í málinu. Hann hefur ekki áfrýjað héraðsdómi. Með bréfi til ríkissaksóknara 15. apríl 1996 óskaði lögmaður ákærða eftir því, að skýrsla yrði tekin af X. Kom þar fram, að X, sem nú er refsifangi á Litla-Hrauni, hefði skýrt lögmanninum frá því, að hann hefði ekki greint rétt frá málsatvikum fyrir dómi. Væri hann reiðubúinn að koma fyrir dóm að nýju vegna málsins.

Við skýrslugjöfina 6. maí 1996 bar X, að hann hefði staðið einn að innflutningi fíkniefnanna, sem um ræðir í málinu, en ákærði engan hlut átt að því. Í för þeirra tveggja til Hollands hafi X sjálfur keypt fíkniefnin. Hafi ákærða alls ekki verið ljóst þetta athæfi hans og ekki skipt sér af því, þótt X hyrfi frá honum nokkrum sinnum 2-3 klukkustundir í senn. Jafnframt hafi X sjálfur aflað fjár til kaupanna með því að taka út mikið fé með greiðslukorti sínu í Hollandi, og staðfesti útskrift reikningsins það. Það, sem hann hafi sagt áður um málið og tengdi ákærða við innflutning efnanna, væri því ekki rétt.

Aðspurður um skýringar á breyttum framburði svaraði X því til, að eftir að hann var handtekinn, hefði hann verið í miklu uppnámi, og „ég sagði nú hreinlega það, sem ég held, að lögreglan hafi viljað heyra, en ekki sannleikann, sem ég hefði átt að segja strax. Ég bjóst ekki við, að þeir myndu trúa mér“. Sérstaklega aðspurður treysti hann sér ekki til að halda fram, að um einhvern þrýsting hefði verið að ræða við yfirheyrslur af hálfu lögreglu eða annarra manna til að bera með þeim hætti, sem hann gerði. Ýmsir ónefndir félagar sínir hefðu ráðlagt sér að halda fast við framburð sinn, sem hann hefði gert. Síðar, er hann fór að hugsa málið, hefði hann fengið samviskubít af því, að ákærði þyrfti að sitja saklaus í fangelsi vegna gerða annars manns.

Fyrir liggur í málinu, að ákærði hóf afplánun á Litla-Hrauni 5. mars 1996 vegna dóma í öðrum málum hans. X hóf afplánun þar 7. mars 1996. Aðspurður fyrir dómi 6. maí 1996, hvort ákærði hefði beitt hann þvingunum eða hótunum til að breyta framburði sínum, svaraði X neitandi. Hann kannaðist þó við, að ákærði hefði hvatt sig til að gefa skýrslu að nýju og „segja frá því, sem væri ósagt í málinu“. Það hefði verið að ósk ákærða, sem hann leitaði til lögmanns hans með beiðni þessa efnis. Sagðist hann hitta ákærða sjaldan á Litla-Hrauni, og fá tækifæri væru til að ræða saman, þar eð þeir væru ekki á sömu deild. Hið sama gildi um útvistartíma þeirra, sem væru á ólíkum tíma dags. Í yfirlýsingu lögreglunnar í Reykjavík 29. maí 1996 segir hins vegar, að samkvæmt upplýsingum yfirfangavardar á Litla-Hrauni eigi X og ákærði þess kost að vera saman í útvist á tímanum frá klukkan 15 til 17 alla virka daga.

II.

Eftir að X var staðinn að ólöglegum innflutningi á miklu magni amfetamíns á Keflavíkurflugvelli 19. október 1994, gaf hann nokkrum sinnum skýrslu fyrir lögreglu. Bar hann í öllum meginatriðum með sama hætti frá upphafi um þátt ákærða í þeim innflutningi, svo sem í héraðsdómi greinir. Er hann gaf skýrslu fyrir dómi 8. janúar 1996, var frásögn hans á sama veg. Við allar skýrslutökur fyrir lögreglu var skipaður verjandi hans viðstaddur. Í skýrslunum kemur jafnframt fram, að iðulega hafi verið gert hlé á skýrslutökum, svo að hann gæti rætt einslega við verjanda sinn.

X gaf hina breyttu skýrslu sína 6. maí 1996, sem var skömmu áður en málflytningur í máli ákærða skyldi fara fram fyrir Hæstarétti. Eru skýringar hans á breyttum framburði mjög ótrúverðugar. Verður þessi siðbúna afturköllun fyrri framburðar metin marklaus. Verður fyrri framburður hans í málinu því virtur án tillits til skýrslu hans 6. maí 1996.

III.

Með vísan til forsendna héraðsdóms verður staðfest sú niðurstaða hans, að lögfyll sönnun sé fram komin um, að ákærði hafi gerst sekur um athæfi það, sem honum er gefið að sök í ákæru. Varðar brot hans við 2. mgr. 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980 og 13/1985 og reglugerð um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986.

Við ákvörðun refsingar verður til þess litið, að um var að ræða mikið magn af stórhættulegu fíkniefni. Stóðu ákærði og X í sameiningu að hinum ólöglega innflytningi, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Fyrri brot ákærða hafa ítrekunaráhrif við ákvörðun refsingar nú, sbr. 8. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, svo sem rakið er í héraðsdómi. Hefur ákærði sýnt einbeittan brotavilja og ekki látið skipast við fyrri refsidóma, sem hann hefur hlotið. Að öllu þessu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku fíkniefna verður staðfest svo og ákvæði hans um greiðslu sakarkostnaðar. Ákærði verður jafnframt dæmdur til að greiða allan kostnað við áfrýjun málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Engilbert Runólfsson, sæti fangelsi í þrjú ár. Til frádráttar komi tíu daga gæsluvarðhaldsvist hans.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku fíkniefna og sakarkostnað eru staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. febrúar 1996.

Ár 1996, föstudaginn 16. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-1229/1995: Ákærvaldið gegn X og Engilbert Runólfssyni, en málið var dómtekið 23. janúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dags. 5. desember 1995, á hendur „X [...]“, og Engilbert Runólfssyni, Lækjargötu 4, Reykjavík, fæddum 18. september 1964, fæðingarnúmer 576, fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni með því að hafa í október 1994 í hagnaðarskyni staðið saman að innflutningi á 313,7 g af amfetamíni hingað til lands frá Lúxemborg, ákærði Engilbert með því að hafa lagt til megnið af því fé, er þurfti í þessu sambandi, og keypt efnið í Rotterdam og ákærði X með því að hafa lagt til það fé, sem á vantaði, og við komu til Keflavíkurflugvallar miðvikudaginn 19. október flutt efnið til landsins falið innan klæða.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. lög nr. 13/1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986, sbr. reglugerð nr. 177/1986.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til að sæta uppþöku á ofangreindum ávana- og fíkniefnum samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna“.

Upphaf málsins er það, að við leit tollgæslu á Keflavíkurflugvelli á ákærða X 19. október 1994 fundust falin innan klæða 313,7 g af amfetamíni, en X var að koma til landsins frá Lúxemborg. Við yfirheyrslu hjá lögreglu síðar sama dag og fyrir dómi í tengslum við gæsluvarðhaldskröfu greindi ákærði X þegar frá því, að meðákærði Engilbert ætti hlut að máli og að ákærðu hefðu sameiginlega staðið að innflutningi efnisins. Ákærði X hefur því frá upphafi játað að hafa átt þátt í innflutningi ásamt ákærða Engilbert, sem hefur neitað sökum.

Verður nú rakinn framburður ákærðu og vitna fyrir dómi og samhliða hjá lögreglu, eftir því sem ástæða þykir.

Ákærði X bar fyrir dómi 8. janúar sl., að meðákærði Engilbert hefði komið að máli við sig u. þ. b. einum mánuði fyrir utanför þeirra og beðið sig að koma með sér til útlanda í því skyni að flytja fíkniefni til landsins. Ákærði kvaðst hafa neitað þessari bón meðákærða í fyrstu, en síðan látið til leiðast, en ákærði kvaðst þá hafa ánetjast eiturflyfjum og rökhuksun sín því

ekki verið í góðu lagi. Hann kvaðst ekki muna dagsetningar í þessu sambandi, en í október 1994 hefði endanlega verið ákveðið að fara utan í þessu skyni og flytja til landsins fíkniefni í hagnaðarskyni. Um hafi verið samið, að hann fengi greiddan allan kostnað vegna ferðarinnar, hluta af efninu og peninga. Fjárhæðir og efnismagn hafi ekki verið endanlega ákveðið.

Ákærði X bar bæði fyrir dómi og hjá lögreglu um farmaðakaup sín og greiðslu fyrir bílaleigubifreið, sem taka átti í Lúxemborg, og að meðákærði, Engilbert, hefði verið með sér í för, er farseðillinn var keyptur, en meðákærði hefði fengið frímiða hjá Flugleiðum út á nafn fyrrverandi sambýliskonu sinnar. Ákærði lýsti því, er hann ók meðákærða, Engilbert, á marga staði fyrir utanförina, og hefði Engilbert ávallt rætt einn við þann, sem hann fór að hitta. Hefði komið fram hjá honum, að hann væri að afla fjár til ferðarinnar, en ekki hefði hann greint sér frá, hverjir hefðu lagt til peninga.

Ákærði lýsti síðan ferð þeirra til Lúxemborgar og tóku bílaleigubifreiðar þar, ferð þeirra til Amsterdam, þar sem þeir gistu á hóteli, og síðan, er þeir fóru milli Amsterdam og Rotterdam og skráðu sig á hótél í Rotterdam, en ákærði kvað efnið hafa verið keypt þar. Ákærði kvaðst hafa ekið bílaleigubílnum, er Engilbert hefði farið frá og keypt fíkniefnin. Áður en þeir fóru á staðinn, þar sem Engilbert fékk efnin afhent, hefði Engilbert reynt að hringja, en ekki náð sambandi og þá verið farið á staðinn, en Engilbert áður átt í einhverjum örðugleikum með símanúmerið. Engilbert hefði sagt sér, hvert halda skyldi og hvar bílnum skyldi lagt og að ákærði skyldi bíða í bifreiðinni, á meðan Engilbert fór inn í stóra íbúðablokk og kom aftur u. þ. b. 1/2 klst. síðar með fíkniefnin. Áður en Engilbert fór, hefði hann ritað á miða nafn, götuheiti og símanúmer og afhent sér. Ákærði kvað Engilbert hafa verið hræddan við að fara einn að sækja fíkniefnin, og hefði hann beðið ákærða að hafa samband við lögregluna og segja frá dvalarstað sínum, væri hann ekki kominn aftur innan klukkustundar. Miði þessi fannst í fórum ákærða við komuna til landsins, og staðfesti ákærði, að sá miði væri hinn sami og vikið var að hér að framan.

Ákærði lýsti því, er fíkniefnunum var pakkað að nýju á hótélherbergi í Lúxemborg, og hefði Engilbert annast það og haft svarta leðurhanska á höndum við verkið.

Ákærði X kvað meðákærða, Engilbert, hafa lagt til megnið af því fé, er þurfti til fíkniefnakaupanna. Hann kvaðst ekki vita, hvað efnið kostaði ytra, en ákærði kvaðst hins vegar hafa lagt fram það fé, sem upp á vantaði, svo sem lýst er í ákæru. Ákærði lýsti því, er meðákærði ráðstafaði myndavél hjá veðmangara ytra, og kvaðst ákærði halda, að fjármunir, sem þar fengu, hefðu verið notaðir til fíkniefnakaupanna.

Ákærði X kvað ákærðu hafa ákveðið ytra, að Engilbert kæmi til landsins degi síðar en ákærði og hefði samband við sig símléiðis eftir komu til landsins. Hefði Engilbert gert það og hringt til sín síðari hluta dagsins, sem hann kom. Engilbert hefði boðað komu sína á heimili ákærða síðar sama dag, en verið handtekinn við brottför frá heimili ákærða. Ákærði kvaðst áður hafa heimilað lögreglu að koma fyrir upptökubúnaði í íbúð sinni til að mynda það, sem fram færi, og taka upp samtöl. Upptakan brást, svo sem síðar verður vikið að. Ákærði kvað Engilbert hafa verið mjög spenntan og varan um sig, er hann kom á heimili ákærða. Sér hefði vírst sem Engilbert grundaði eitthvað og hann leitað að upptökutækjum á sér. Ákærði hefði ætlað að afhenda Engilbert pakka, en hann ekki tekið við honum, heldur sagt, að hann ætlaði að hafa samband daginn eftir, en þá var ákærði handtekinn, er hann var á leið út.

Ákærði X kvað pakkann, sem lögreglan hafði útbúið og afhenda átti Engilbert, hafa lítið öðruvísi út en pakkann, sem Engilbert hafði sjálfur útbúið ytra, og því telja, að Engilbert hafi fyllst grunsemdum, er hann kom auga á þetta.

Ákærði Engilbert Runólfsson hefur, svo sem rakið var, neitað sökum.

Verður nú rakinn framburður hans fyrir dóminum 8. janúar sl.

Ákærði Engilbert kvað meðákærða, X, hafa haft hug á því að fara til Hollands og kynna sér múrefni, en X hefði unnið við múrverk á þessum tíma. Ferðin hafi frestast í einhverjar vikur, en síðan verið ákveðið að fara utan með mjög stuttum fyrirvara, eins dags að sögn ákærða, en ferðin verið farin að frumkvæði X. Af sinni hálfu hefði ferðin verið skemmtiferð. Ákærði kvað þá hafa haldið flugleiðis til Lúxemborgar og þar tekið bíla-leigubifreið og ekið til Amsterdam, þar sem gist var á hóteli, og síðan haldið til Rotterdam og dvalist þar eina nótt og síðan aftur til Lúxemborgar, þar sem ákærði kvaðst hafa gist eina nótt. X hafi greitt allan kostnað af ferðinni utan farmiða ákærða, sem hann kvaðst hafa fengið út á nafn páverandi konu sinnar, sem var starfsmaður Flugleiða. Ákærði kvaðst hafa farið með 30.000 kr. í farareyri og komið heim með 21.000 kr.

Ákærði bar, að hann hefði skrifað miða þann, sem áður var lýst, en á miðanum er nafn, götuheiti og símanúmer, svo sem getið var. Miðann hefði ákærði skrifað eftir X, er þeir voru í Rotterdam, og kvaðst ákærði telja, að þeir hefðu þá verið í bifreið, sem þeir höfðu til umráða. Tilganginn kvað ákærði hafa verið einhvers konar varnagla af hálfu X, ef einhver vandræði yrðu. Síðar bar ákærði, að hann vissi ekki alveg, til hvers X hefði beðið sig að skrifa miðann. Ákærði kvaðst hafa geymt miðann í bílnum, en tekið hann aftur heim á hótelið, en kvaðst telja sig hafa fleygt miðan-

um í rusl. En meðákærði hefði greinilega tekið miðann með sér til landsins.

Á miða, sem fannst í fórum ákærða Engilberts, er skrifað sama símanúmer og á miðann, sem getið er hér að framan. Ákærði kvað þennan miða svo til kominn, að hann hefði skrifað á hann í rútunni á leið til Reykjavíkur frá Keflavík. Þarna komi fram símanúmer hjá manni, sem X hafi farið til. Ákærði kvaðst einungis hafa verið að rifja upp símanúmerið, en hann hefði átt að hringja í þetta símanúmer, ef X hefði ekki komið eftir ákveðinn tíma. Eru margar tilraunir gerðar til að skrifa símanúmerið rétt á miða þennan. Ákærði kvaðst ekki hafa ritað hjá sér símanúmerið í neinum sérstökum tilgangi.

Ákærði Engilbert kvaðst telja sig hafa hringt tvisvar í kunningja sinn, Þorgeir Jóhannsson, meðan stóð á dvölinni ytra. Hann mundi ekki eftir að hafa hringt í Þorgeir úr flughöfninni í Keflavík, en það gæti verið. Tilgangurinn með öðru símtalinu hafi verið sá að biðja Þorgeir að hringja fyrir sig í menn, sem hann skuldaði peninga og hefði lofað að greiða sama dag og ákærði fór af landinu. Hann kvaðst hafa talið brýnt að láta mennina vita af þessu, þar sem hann hefði lofað greiðslu þennan dag, jafnvel þótt hann hafi skuldað mönnunum fé í nokkurn tíma. Hitt símtalið hefði verið til að biðja Þorgeir að kanna fyrir sig, hvort X hefði lent í einhverju „veseni“. Ákærði kvaðst hafa átt við það, að sig hefði verið farið að gruna, að eitt-hvað væri óeðlilegt við þetta allt saman og hann viljað vita, hvort hann ætti von á „einhverjum móttökum“, er hann kæmi heim. Hann kvað sig jafnvel hafa grunað, að X væri að flytja fíkniefni til landsins, og nefndi í því sambandi mikla peningaeyðslu hans ytra og það, að X tók háar fjárhæðir út á greiðslukort sitt, og einnig lýsti ákærði því, er hann aðstoðaði X við að koma myndavél í verð hjá veðmangara. Ákærði kvaðst ekki muna, hvort hann hefði beðið Þorgeir að fara til Keflavíkur og kanna ferðir X, hann myndi þetta óljóst. Síðar lýsti ákærði því, að hann hefði einungis beðið Þorgeir að athuga, hvort X væri kominn heim og hvort hann hefði lent í einhverju „veseni“. Ákærði hefði ekki beðið Þorgeir að fara til Keflavíkur í framangreindum erindagjörðum.

Ákærði Engilbert kvaðst hafa hringt í X u. þ. b. tveimur klst. eftir komu sína til landsins og erindið verið að heyra í honum og boða komu sína til hans um kvöldið. Hann kvaðst hafa beðið Þorgeir, kunningja sinn, að aka sér upp í Breiðholt, en á leiðinni kvaðst ákærði hafa beðið hann að koma við á heimili X. Er komið var til X, hefði hann verið mjög undarlegur í háttum og ekki viljað, að Þorgeir kæmi inn. Hið fyrsta, sem X hefði sagt, var að spyrja sig, hvort ákærði vildi ekki taka pakkann eða sinn hluta af

honum. Þetta hefði X margítrekað og ákærði þá vitað, að eitthvað undarlegt væri á seyði, og ákveðið að forða sér, en verið handtekinn skömmu síðar.

Ákærða var kynntur framburður Þorgeirs Jóhannssonar hjá lögreglu, þar sem hann bar, að ákærði hefði verið mjög taugaveiklaður á leiðinni upp í Breiðholt og var um sig og spurt Þorgeir, hvort einhver væri á eftir þeim. Ákærði kvaðst ekki muna þessi ummæli sín.

Ákærða var greint frá ummælum sambýliskonu sinnar, Daníelu Björgvinsdóttur, hjá lögreglu, en hún sagði ákærða hafa skýrt frá því, að tilgangur ferðarinnar hefði verið sá, að X ætlaði að kaupa ampúllur fyrir líkamsrækt. Ákærði mundi ekki eftir þessu.

Þá var ákærða kynntur framburður Daníelu hjá lögreglu þess efnis, að ekkert hefði verið rætt um það þeirra í milli, að þau ætluðu að hittast ytra. Ákærði kvað þau hafa rætt um að hittast ytra.

Fram kemur í gögnum málsins, að ákærði hafi hringt til móður sinnar, meðan á dvöl hans stóð ytra, og greint svo frá, að hann væri staddur á Egilsstöðum, en á leið í bæinn. Ákærði kvaðst ekki muna, hvort þetta hefði verið svona, en ekki telja þetta skipta máli og að móður sinni hefði ekki komið það við, þótt ákærði væri staddur erlendis.

Vitnið Þorgeir Jóhannsson nemandi kom fyrir dóminn 16. janúar sl.

Þorgeir var yfirheyrður hjá lögreglu 20. og 21. október 1994 vegna grunar um fíkniefnamisferli. Verður nú rakinn í aðalatriðum framburður hans hjá lögreglu frá 21. október.

Þorgeir lýsti þá kynnum sínum og ákærða Engilberts. Hann lýsti þremur símtölum Engilberts við sig, meðan Engilbert var staddur ytra. Hið fyrsta hefði farið fram laugardagskvöldið fyrir komu Engilberts til landsins. Hefði Engilbert þá beðið sig að hringja í tiltekið símanúmer og biðja þar um samband við tvo menn, sem gefin voru upp gælunöfn á, og greina þessum mönnum frá því, að allt væri í lagi, þeir þyrftu bara að vera þolinmóðir. Engilbert hefði brýnt fyrir sér að nefna engin nöfn. Þorgeir kvaðst hafa komið þessum skilaboðum til mannanna. Næst hefði Engilbert hringt til sín mánudaginn á eftir og þá spurt, hvort eitthvað væri að fréttu. Þorgeir kvaðst ekki hafa skilið spurninguna og spurt Engilbert að því, hvort eitthvað ætti að vera að fréttu. Þessi spurning hefði komið Engilbert hálfvegis á óvart og símtalinu verið slitið eftir þetta. Enn hafi Engilbert hringt á miðvikudeginum og spurt, hvort hann væri reiðubúinn að fara á Keflavíkurflugvöll þá um miðjan dag og athuga, hvort ákærði X, sem þá væri á leið til landsins, kæmist í gegnum tollskoðun. Þorgeir kvaðst hafa sagt Engilbert, að sér væri meinilla við þetta, en hann skyldi athuga málið. Hefði Engilbert

þá sagt, að hann myndi hafa samband við sig, áður en hann kæmi til landsins. Þorgeir kvaðst hafa gert sér ljóst á þessari stundu, að ákærði X væri að smygla fíkniefnum til landsins í samvinnu við Engilbert. Þorgeir sagðist aldrei hafa ætlað að fara út á Keflavíkurflugvöll og verða þannig við beiðni Engilberts. Hins vegar kvaðst hann hafa farið til Keflavíkur þennan dag og einnig Keflavíkurflugvallar og ekið einn hring á bílastæðinu brottfarar megin. Hann hefði engar rútur séð og ekkert fólk á ferli og ekki hafa athugað neitt frekar, hvort X hefði komist í gegnum flugstöðina. Næst hefði Engilbert hringt til sín, daginn áður en skýrslan var gerð, fimmtudaginn 20. október, og þá sagt, að hann væri á flugvöllinum á heimleið. Engilbert hefði spurt að því, hvort eitthvað hefði komið í blöðunum um þetta. Þorgeir kvaðst hafa skilið spurninguna þannig, að Engilbert væri að spyrja um, hvort X hefði verið handtekinn. Þorgeir kvaðst hafa sagt, að hann vissi ekki til þess, og jafnframt, að hann hefði ekki gert sér sérstakt far um að afla upplýsinga um það. Hefði Engilbert verið sáttur við þetta svar sitt.

Þorgeir lýsti því við yfirheyrslur hjá lögreglu og fyrir dóm, er hann ók ákærða Engilbert áleiðis upp í Breiðholt, og því, er þeir komu við á heimili X í Engihjalla. Þorgeir kvað Engilbert hafa verið mjög taugaveiklaðan á leiðinni upp í Breiðholt og varan um sig. Kvað hann Engilbert hafa spurt, hvort einhver væri á eftir þeim. Kvaðst Þorgeir hafa orðið undrandi á þessari spurningu og yppt öxlum.

Svo sem rakið var, kom Þorgeir fyrir dóminn 16. janúar sl. Hann kvaðst fyrst hafa vitað af utanför ákærða Engilberts, er hann var staddur ytra. Þorgeir kvaðst lítið muna eftir símtölum Engilberts, sem hann lýsti ýtarlega hjá lögreglu og rakin voru hér að framan. Hann kvaðst ekkert muna eftir símtalinu, er Engilbert sagðist hafa hringt af flugvöllinum. Þá spurningu Engilberts, hvort eitthvað væri að fréttu, kvaðst Þorgeir hafa skilið á þann veg, að Engilbert væri að spyrja fréttu almennt, svo sem hvort snjóflóð hefði fallið eða eitthvað slíkt, eins og Þorgeir bar fyrir dómnum. Þorgeir kvaðst ekki muna eftir símtalinu, er Engilbert bað hann að fara út á Keflavíkurflugvöll að athuga um ferðir X. Er Engilbert hefði spurt sig í bílnum, hvort einhver væri á eftir þeim, kvaðst Þorgeir nú telja, að Engilbert hefði átt við það, hvort einhver rúkkari væri á eftir þeim.

Skýringar Þorgeirs á breyttum framburði frá því hjá lögreglunni voru ýmsar, svo sem að hann hefði ritað undir skýrslurnar undir álagi, ekki hirt um að þrefa allan daginn um smávægilegt orðalag í lögregluskýrslunni, spurningar verið leiðandi og sér verið lögð orð í munn.

Daníela Björgvinsdóttir var yfirheyrð hjá lögreglu 26. október 1994 sem sakborningur. Hún kvaðst hafa vaknað um kl. 5.30 aðfaranótt 15. október

1994 við það, að Engilbert var að setja farangur niður í tösku. Hann hefði þá sagt sér, að hann væri á leið til Lúxemborgar ásamt ákærða X. Daníela kvað Engilbert hafa sagt tilgang ferðarinnar þann, að X ætlaði að sækja einhverjar ampúllur fyrir líkamsrækt. Daníela lýsti því, er Engilbert hringdi til sín frá Brüssel, og hún þá sagt honum, að hún væri á leið í heimsókn til vinkonu sinnar í Þýskalandi. Aldrei hefði komið til tals með þeim, að Engilbert heimsækti sig þangað.

Daníela Björgvinsdóttir, starfsmaður Flugleiða og sambyliskona ákærða Engilberts, kom fyrir dóminn 8. janúar sl., en skoraðist undan vitnisburði.

Vitnið Kristján Ingi Kristjánsson lögreglufulltrúi kom fyrir dóminn 16. janúar sl.

Hann lýsti því, að ákærði X hefði reynst reiðubúinn að vinna að því í samvinnu við lögreglu að upplýsa málið að fullu, en strax greint frá því, að ákærði Engilbert ætti einnig hlut að máli. X og húsráðandi í íbúðinni, þar sem X bjó, heimiluðu, að komið yrði fyrir tækjabúnaði til upptöku bæði hljóðs og myndar, en af einhverjum orsökum brást hvort tveggja. Kristján lýsti því, er hann varð vitni að símtali Engilberts við X og Engilbert spurði, hvort ekki væri allt í lagi, og þeir ákveðið að hittast síðar, en Engilbert myndi hringja aftur og ákveða tíma.

Kristján staðfesti að hafa tekið skýrslu af Þorgeiri Jóhannssyni 21. október 1994 og Birgir Jóhannsson rannsóknarlögreglumaður verið viðstaddur skýrslutökuna. Skýrslan var rakin hér að framan. Orðalag skýrslunnar sé Þorgeirs, og hafi hann ekki verið beittur þrýstingi eða leiðandi spurningar verið notaðar, svo sem Þorgeir bar fyrir dómnum.

Vitnin Lárus Kjartansson og Snorri Magnússon rannsóknarlögreglumenn komu fyrir dóminn 16. janúar sl. og báru um dvöl sína á heimili ákærða X, er ákærðu voru handteknir, og einnig um tækjabúnað fyrir upptöku bæði hljóðs og myndar, en hvort tveggja brást. Þeir lýstu báðir símtali, sem þeir urðu vitni að, er ákærði Engilbert hringdi í ákærða X og spurði, hvort ekki væri allt í lagi, og ákveðið hefði verið, að Engilbert kæmi til X, en myndi hringja á undan sér.

Vitnin Guðbrandur Hannesson lögreglumaður og Birgir Straumfjörð Jóhannsson og Hákon Sigurjónsson rannsóknarlögreglumenn komu fyrir dóminn 23. janúar sl.

Guðbrandur staðfesti að hafa verið viðstaddur skýrslutöku af Þorgeiri Jóhannssyni 20. október 1994, og hafi þar verið bókað orðrétt eftir Þorgeiri. Birgir staðfesti að hafa ritað framangreinda skýrslu. Þá staðfesti Birgir að hafa verið viðstaddur, er skýrslan var tekin af Þorgeiri daginn eftir, þ. e. 21. október 1994, og hafi skýrslan að geyma beina lýsingu Þorgeirs. Hákon Sigur-

jónsson kvaðst hafa komið upptökubúnaðinum fyrir á heimili X, en ekki vita, hvers vegna upptakan brást.

Ekki er ástæða til að rekja framburð þessara vitna frekar hér.

Vitnið Jón Pálsson vélamaður kom fyrir dóminn 23. janúar sl. og lýsti því, er hann heimilaði lögreglu að koma tækjabúnaðinum fyrir á heimili sínu, og því, að ákærði X bjó þar. Jón vissi ekkert um samskipti ákærðu, og verður framburður hans ekki rakinn frekar.

Niðurstöður.

Svo sem rakið hefur verið, neitar ákærði Engilbert sökum.

Framburður ákærða X hefur verið hinn sami frá upphafi, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, og hann ávallt borið um þátt meðákærða í málinu.

Ákærði Engilbert hefur viðurkennt að hafa skrifað báða miðana, sem getið var um hér að framan, en ætla má, að þeir tengist ætluðum sölumanni fíkniefnanna ytra. Framburður ákærða Engilberts um, að hann hafi verið að rifja upp símanúmerið, sem hann hafi átt að hringja í ytra, með því að skrifa það á blað og það ekki verið gert í neinum sérstökum tilgangi, þykir ekki trúverðugur.

Ákærði X bar, að ákærði Engilbert hefði haft svarta leðurhanska á höndum, er hann pakkaði fíkniefnunum inn á hótélherbergi í Lúxemborg, en svartir leðurhanskar fundust við húsleit á heimili ákærða Engilberts 20. október 1994.

Ákærði Engilbert hringdi til ákærða X u. þ. b. tveimur klst. eftir komu til landsins og spurði, hvort ekki væri allt í lagi, en samkvæmt framburði ákærða X var ákveðið fyrir fram milli ákærðu, að þeir myndu hafa síma-samband eftir komu beggja til landsins.

Ákærði Engilbert hringdi nokkrum sinnum í Þorgeir Jóhannsson, meðan á dvölinni ytra stóð. Stendur framburður Þorgeirs Jóhannssonar hjá lögreglu óhaggaður, og þykja skýringar hans á breyttum framburði fyrir dóm-inum órökstuddar og úr lausu lofti gripnar og sumar út í hött. Svo er um þá skýringu, að hann hafi skilið svo spurningar ákærða Engilberts um það, hvort eitthvað væri að fréttu, að Engilbert væri að spyrja almennt um fréttir, svo sem, hvort snjóflóð hefði fallið. Þá bar Þorgeir, að hann hefði talið ákærða Engilbert hafa átt við það, hvort einhver rúkkari væri á eftir þeim á leiðinni upp í Breiðholt. Áður hjá lögreglu hafði Þorgeir borið um tauga-veiklun ákærða Engilberts á þessari leið og það, að Engilbert hefði spurt, hvort einhver væri á eftir þeim. Þá bar Þorgeir hjá lögreglu nákvæmlega um bón ákærða Engilberts um, að Þorgeir færi til Keflavíkurflugvallar í ákveðnum tilgangi. Þorgeir bar jafnframt nákvæmlega um ferð sína þangað

og um það, sem fyrir augu hans bar við flugstöðina. Fyrir dómi kvaðst Þorgeir ekki muna eftir símtalinu við ákærða Engilbert, er hann bað Þorgeir að fara á Keflavíkurflugvöll. Að öðru leyti var framburður Þorgeirs fyrir dóm-inum óstöðugur um margt.

Rannsóknarlögreglumennirnir, sem önnuðust skýrslutökur af Þorgeiri og voru viðstaddir skýrslutökurnar, komu allir fyrir dóminn og staðfestu skýrslurnar, svo sem rakið var að framan. Með allt þetta í huga og svo sem rakið hefur verið telur dómurinn ekki mark takandi á breyttum framburði Þorgeirs, og er því farið eftir framburði hans hjá lögreglu 21. október 1994, en sá framburður var rakinn hér að framan.

Sambýliskona ákærða Engilberts greindi frá því, hver tilgangur utanferðar ákærða Engilberts hefði verið samkvæmt frásögn hans, en Engilbert hefði greint sér frá utanferðinni aðfaranótt brottfarardagsins. Ákærði Engilbert kvaðst ekki muna eftir þeim ummælum sínum, sem sambýliskona hans greindi frá.

Ákærði Engilbert sagði móður sinni símleiðis, að hann væri staddur á Egilsstöðum á leið í bæinn, en þá var hann staddur ytra. Ákærði kvaðst fyrir dómi ekki muna þessi ummæli sín og ekki telja þetta skipta máli, móður sinni kæmi það ekki við, hvort hann hefði verið staddur erlendis.

Dómurinn telur þau atriði, sem nú hafa verið rakin, til þess fallin að renna stóðum undir og styrkja trúverðugleika framburðar ákærða X, og verður á honum byggt og öðru því, sem rakið hefur verið hér að framan.

Dómurinn telur þannig sannað með framburði ákærða X og framburði Þorgeirs Jóhannssonar hjá lögreglu og með öðru því, sem hefur verið rakið, og öðrum gögnum málsins, en gegn neitun ákærða Engilberts, að ákærðu hafi gerst sekir um þá háttsemi, sem í ákæru greinir, utan það, að ekki verður neitt fullyrt um hlutfall þess fjár, sem hvor ákærði fyrir sig lagði til kaupa á fíkniefnunum, enda ekki áánlegar upplýsingar um kaupverð efnanna ytra.

Ákærðu sammæltust um framningu brotsins, og er það virt ákærðu til þyngingar við ákvörðun refsingar, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði X hefur greiðlega gengist við sakarefni, og er það virt honum til hagsbóta við refsíákvörðun.

Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofu í lyfjafræði, sem dagsett er 31. október 1994, segir um efnið, sem rannsakað var, að með tiltækum rannsóknaraðferðum hafi mátt staðfesta, að sýni væri amfetamín. Magn amfetamínsúlfats í sýninu var 83%, sem svarar til 61% af amfetamínbasa.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er styrkleiki efnisins, sem ákærðu stóðu saman að innflutningi á til landsins í hagnaðarskyni, mikill og hættueiginleikar efnisins í samræmi við það.

Brot ákærðu er samkvæmt þessu rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

— — —

Ákærði Engilbert hefur frá árinu 1982 gengist undir fimm dómsáttir fyrir umferðarlagabrot og fyrir brot gegn 254. gr. almennra hegningarlaga. Þá hefur hann frá árinu 1993 þrívægis gengist undir viðurlagaákvörðun fyrir umferðarlagabrot. Frá árinu 1988 hefur hann hlotið fimm refsisdóma, fyrst sektardóm árið 1988 fyrir umferðarlagabrot. Þá er dómur 23. apríl 1991, fimm mánaða fangelsi og 100.000 króna sekt fyrir fíkniefnabrot. Þá hlaut hann dóm 12. ágúst 1994 fyrir fíkniefnabrot og fyrir brot gegn skotvopnalöggjöfinni. Hinn 15. febrúar 1995 hlaut hann 90 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 254. gr. almennra hegningarlaga. Hinn 6. júní 1995 hlaut hann tólf mánaða fangelsi fyrir skjalafals, og var skilorðsdómurinn frá 15. febrúar sama ár þá dæmdur með.

Vegna tveggja síðustu dómanna ber nú að dæma ákærða Engilbert hegningarauka, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga.

Með dóminum, sem ákærði Engilbert hlaut 23. apríl 1991, var hann fundinn sekur ásamt fleiri mönnum um að hafa sameiginlega lagt á ráðin og staðið að innflutningi fíkniefna til landsins í ágóðaskyni, en ákærði Engilbert flutti fíkniefnin þá hingað til lands.

Í 8. mgr. 5 gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni, sbr. lög nr. 13/1985, segir, að ítrekuð brot gegn lögnum skuli varða aukinni refsingu, enda sé um að ræða innflutning eða dreifingu þeirra efna, sem um getur í 2., 3. og 4. gr. laganna.

Ákærði Engilbert er nú í annað sinn fundinn sekur um brot, er varðar innflutning fíkniefna í ágóðaskyni, og hefur dómurinn frá 23. apríl 1991 ítrekunaráhrif á brot það, sem hann er nú sakfelldur fyrir. Svo sem rakið var, er ítrekunarákvæði 8. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni, sbr. lög nr. 13/1985, afdráttarlaust og kveður á um skyldu til að ákvarða þyngri refsingu, eins og hér stendur á hjá ákærða Engilbert.

Ákærði Engilbert er fulltíða maður, sem hefur ekki látið af afbrotum þrátt fyrir óskilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir sams konar afbrot. Telur dómurinn þetta bera vitni um styrkan og einbeittan brotavinla hans, og er það virt ákærða til refsihækkunar, sbr. 6. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Brot ákærðu varða innflutning til landsins í hagnaðarskyni á miklu magni af fíkniefni með mikla hættueiginleika. Af því leiðir, og magn efnisins bendir einnig til þess, að efnið hefur verið ætlað til sölu hérlendis.

Brot ákærðu eru því stórfelld að mati dómsins.

Refsing ákærða X þykir með vísan til ofanritaðs hæfilega ákvörðuð fangelsi í tvö ár, og refsing ákærða Engilberts þykir hæfilega ákvörðuð með vísan til sakaferils hans fangelsi í tvö ár og sex mánuði.

Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga skal átta daga gæsluvarðhald ákærða X koma til frádráttar refsivist hans, og frá refsivist ákærða Engilberts komi tíu daga gæsluvarðhald hans.

Með vísan til 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 skulu ákærðu sæta upptöku á 313,7 g af amfetamíni.

Ákærði Engilbert greiði 120.000 kr. í réttargæslu- og málsvarnarlaun verjanda sínum, Páli Arnóri Pálssyni hæstaréttarlögmanni, en sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu óskipt, þ. m. t. 60.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð, en Ragnheiður Harðardóttir, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

D ó m s o r ð:

Ákærði X sæti fangelsi í tvö ár, en til frádráttar refsivist hans komi átta daga gæsluvarðhaldsvist hans.

Ákærði Engilbert Runólfsson sæti fangelsi í tvö ár og sex mánuði, en til frádráttar refsivist hans komi tíu daga gæsluvarðhaldsvist hans.

Ákærðu sæti upptöku á 313,7 g af amfetamíni.

Ákærði Engilbert greiði 120.000 kr. í réttargæslu- og málsvarnarlaun verjanda sínum, Páli Arnóri Pálssyni hæstaréttarlögmanni, en sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu óskipt, þ. m. t. 60.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð.